



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarlögmaður

Umsögn borgarlögmans um tillögu áheyrnarfulltrúa Miðflokks og Flokks fólksins um að fá dómkvaddan matsmann til að meta framkvæmd við Nauthólsveg 100

Á fundi borgarráðs 17. janúar 2019 lögðu áheyrnarfulltrúi Miðflokksins og áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Áheyrnarfulltrúar Miðflokksins og Flokks fólksins óska eftir að dómkvaddur matsmaður verði fenginn tafarlaust til að meta virði framkvæmda á Nauthólsvegi 100 (Bragganum).

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. janúar 2019, var framangreind tillaga send borgarlögmanni til umsagnar.

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmans.

Um matsgerðir er fjallað í IX. kafla og XII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í IX. kafla er mælt fyrir um heimild aðila til að óska eftir dómkvaðningu matsmanns eða tveggja matsmanna með skriflegri beiðni til dómara. Heimild IX. kafla er bundin við mál sem rekið er fyrir dómstólum. Þar sem ekkert mál er rekið fyrir dómstólum sem varðar Nauthólsveg 100 eða virði framkvæmda við Nauthólsveg 100 verður ekki aflað matsgerðar á grundvelli heimildar IX. kafla laganna.


Þá kemur til skoðunar ákvæði XII. kafla laga um meðferð einkamála en þar er kveðið á um heimild aðila til þess að beiðast dómkvaðningar matsmanns, án þess að mál hafi verið höfðað fyrir dómstólum. Í 77. gr. laganna segir þannig að aðili sem hafi lögvarinna hagsmuna að gæta sé heimilt að beiðast dómkvaðningar matsmanns ef það er gert til þess að staðreyna kröfu eða sanna atvik að baki henni. Í skilyrðinu um lögvarða hagsmuni felst meðal annars að niðurstaða verður að skipta aðila máli að lögum og því má ekki vera um lögspurningu að ræða. Í þessu felst enn fremur að beiðni um dómkvaðningu matsmanns án málshöfðunar verður að tengjast sérstöku ágreiningsefni á milli að minnsta kosti tveggja aðila.

Ekki hefur komið fram að ágreiningur sé fyrir hendi á milli Reykjavíkurborgar og þess eða þeirra er unnu að endurbyggingu bygginga að Nauthólsvegi 100 eða eftir atvikum við aðra lögaðila sem komu að endurbyggingu húsanna vegna kostnaðar við hönnun og endurbyggingu þeirra. Þannig liggur ekki fyrir sérstakt ágreiningsefni á milli Reykjavíkurborgar og annars óskylds aðila sem heimilað getur dómkvaðningu matsmanns á grundvelli laga um meðferð einkamála. Þannig verður ekki séð að Reykjavíkurborg hafi lögvarða hagsmuni í skilningi 77. gr. laga um meðferð einkamála til þess að óska dómkvaðningar matsmanns til að meta virði

Þeirra framkvæmda sem farið hefur verið í við Nauthólsveg 100. Jafnvel þótt Reykjavíkurborg kunni sjálf að eiga hagsmuna að gæta í málinu sem lúta að verðmæti umræddra framkvæmda sem verkkaupi og eigandi fasteignanna þá teljast þeir hagsmunir ekki vera lögvarðir í skilningi laga um meðferð einkamála.

Það þyrfti því að liggja nánar fyrir tilgangur þess að afla matsgerðar dómkvaddis matsmanns til þess að meta virði framkvæmda við Nauthólsveg 100 og hvaða kröfu eða atvik að baki kröfu sé ætlað að staðreyna með slíku mati svo heimilt sé að dómkveða matsmann. Með hliðsjón af framangreindu myndi slík beiðni, að því gefnu að ekkert frekar komi fram, fela í sér lögspurningu, sbr. 25. gr. laga um meðferð einkamála. Af framangreindu leiðir að lagaskilyrði brestur til að óska dómkvaðningar matsmanns að svo stöddu.

Fyrir hönd borgarlögmans



Ari Karlsson
staðgengill borgarlögmans

